

Nd.

282. Nefndarálit

um frv. til laga nm lögskráningu sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála í öllum aðalatriðum nm efni frv. og telur rétt, að sett sé sérlöggjöf nm lögskráningu sjómanna, en þan lög, sem nm hana gilda nú, eru í siglingalögnum. Eð samkvæmt þeim frv., er nú ligeja fyrir þinginu, frv. til sjómanna laga og frv. nm breyting á siglingalögnum frá 30. nóv. 1914, er ákvæðum nm lögskráningu þaðan burfu kippt. Nefndin fellst á frv. með örlitilli breytingu við 15. gr. Þó hafa tveir nefndarmenn áskilið sér rétt til að koma fram með breytingar og skrifa því undir með fyrirvara.

Nefndin leggur því til samkvæmt ofanrituðu, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 15. gr. 2. málslíður orðist svo :

Nú eru einhver þan ákvæði í samningnum, er lögskráningarstjóra virðist vera óvenjuleg, eða frábrugðin því, sem almennt tíðkast, og skal hann þá benda aðila á þau.

Alþingi, 14. marz 1930.

Sveinn Ólafsson,
form.

Ólafur Thors,
með fyrirvara.

Sigurjón Á. Ólafsson,
fundaskr., frsm.

Jóhann P. Jósefsson,
með fyrirvara.

Ásg. Ásgeirsson.